

Reykjavíkurborg 2022

ályktun málefnanefndar um fjármál og nýsköpun

Tekjur

Sjálfstæðisflokkurinn telur stöðu fjármála í borginni slíka að ekki sé hægt að lækka útsvar í byrjun kjörtímabilsins en stefnir að því að lækka útsvar á kjörtímabilinu.

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að tryggja að fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis lækki á kjörtímabilinu. Fasteignagjöld eru nánast í lögbundnu hámarki og hafa nær ekkert lækkað. Reykjavíkurborg verður að bjóða upp á samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa lækkað hlutfallið til að mæta hækkun fasteignamats.

Reykjavíkurborg skal tryggja að ávallt sé nægt framboð af lóðum til sölu. Sjálfstæðisflokkurinn vill að byggingarréttargjald verði fellt niður. Þá skal gatnagerðargjald vera samkeppnishæft við nágrannasveitarfélög. Þannig verður tryggt að lóðir í nýbyggingarhverfum séu seldar á kostnaðarverði. Lagt er til að leigulóðum íbúðarhúsnæðis verði afsalað til eigenda húsnæðis þess sem á lóðunum stendur.

Stefnt skuli að því að skatttekjur standi undir lögbundinni þjónustu borgarinnar. Ótækt er að afkoma borgarinnar velti á arðgreiðslum dótturfélaga.

Útgjöld

Mikilvægt er að sýna ráðdeild í rekstri borgarinnar og hverfa frá skuldasöfnun núverandi meirihluta.

Sjálfstæðisflokkurinn vill hverfa frá þeirri lóðaskortsstefnu sem stuðlað hefur að húsnæðisskortri og hækkun á fasteignaverði.

Dregið hefur úr fjárframlögum til úrbóta á samgöngumannvirkjum. Vinda verður ofan af uppsafnaðri viðhaldspörf og forgangsraða í þágu brýnna samgönguúrbóta þvert á alla samgöngumáta.

Stefnt skal að því að styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum ásamt aðgangseyri standi að mestu undir rekstri safna í eigu borgarinnar.

Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni bjóða út sorphirðuþjónustu. Bjóða skal út rekstur sorphirðu Reykjavíkurborgar, þannig að öll sorphirða verði boðin út. Þá skal skoða sölu á Sorpu í samstarfi við önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.

Skuldastaða

Skuldir borgarinnar hafa vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Skuldir Reykjavíkurborgar hafa tvöfaldast að raunvirði frá árslokum 2014. Sjálfstæðisflokkurinn áttar sig á alvarleika málsins og nauðsyn þess að skuldasöfnun verði stöðvuð með auknu aðhaldi í rekstri borgarinnar og sölu fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Þar má nefna Malbikunarstöðina Höfða og Ljósleiðarann (áður Gagnaveita Reykjavíkur).

Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA hafa leitt í ljós kerfisbundið ofmat á eignum félagsbústaða sem nemur um 70 milljörðum króna. Í tvígang hefur Sjálfstæðisflokkurinn óskað eftir rökstuðningi á reikningsskilum Reykjavíkurborgar sökum þess að matsaðferð borgarinnar er á skjön við viðurkennda alþjóðlega reikningsskilastaðla. Tryggja þarf að ársreikningar borgarinnar standist alþjóðlega staðla.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að Reykjavíkurborg skuli beita sér gegn flótta háskólamenntaðra sérfræðinga af almennum vinnumarkaði og yfir til borgarinnar, m.a. með því að útvísta verkefnum og kaupa oftari þjónustu af einkaaðilum. Það er til þess fallið að tryggja bæði hagræði og samkeppni.

Nýsköpun

Mikil sóknarfæri eru til nýsköpunar í Reykjavík. Mikilvægt er að stjórnsýsla borgarinnar standi ekki í vegi fyrir nýsköpun og að ný fyrirtæki og hugmyndir fái rými til að vaxa og dafna.

Einfalda þarf stjórnsýslu borgarinnar og nýta rafrænar lausnir til að einfalda og hraða afgreiðslu mála. Nýta þarf kosti einkaframtaksins við stafræna umbreytingu þjónustu borgarinnar.

Markaðstorg

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að markaðstorgi fyrir nýsköpun í Reykjavík verði komið á fót. Þar geti aðilar í nýsköpun kynnt vörur og þjónustu og hvernig þær geta gagnast við hagræðingu í borgarkerfinu.

Reykjavíkurborg stefni að því að styðja við fyrirtæki á nýsköpunartorgi með því að kaupa af þeim vörur og þjónustu frekar en að sérsníða lausnir innanhúss.

Reykjavíkurborg haldi árlegt nýsköpunarmót fyrir frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref. Viðburðurinn myndi veita þeim tækifæri til að kynna hugmyndir sínar fyrir einkafyrirtækjum og stjórnsýslunni.